

RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

22.FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 22 MARS 2013.

Mæting:

Ómar Baldursson, Eva K Benjamínsdóttir, Guðrún S Bergþórsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Jón Ingi Skúlason, Sigurjón Ingvason, Júlía Björk Þórðardóttir, Sighvatur D Sighvatz, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Eyjólfur Ólafsson, Jakob Tryggvason, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjara-atvinnu –og efnahagsmál
3. Orlofshúsaskýrsla
Ljósheimar framkvæmdir
4. Tekjur aðilarfélaga
5. Fundarferð ASÍ
6. Spennugolf 20 ára
7. Kynningarmál RSÍ
8. Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar samþ. án athugasemda.

2. Kjara-atvinnu-og efnahagsmál.

Farið var yfir helstu kjarasamninga RSÍ og hverjir séu ábyrgir fyrir þeim samningum sem RSÍ gerir. Skipa verður í samninganefndir, og voru aðildarfélögin hvött til að tilnefna nefndarmenn eins fljótt og hægt er. Einnig var yfir gildistíma samninga RSÍ og ræddar dagsetningar viðræðuáætlaða.

Það eru þung og erfið mál sem bíða samninganefndanna, s.s. hvort krefjast skuli þess að fá sömu hækkun og hjúkrunafræðingar fengju eða 3,25% áður en alvöru kjaraviðræður hefjist.

Það er ljóst að rafiðnaðarmenn hafa setið eftir varðadi launahækkanir, því við kusum að stefna að stöðuleika í efnahagsmálum sem ekki gekk eftir. Nú verðum við að sækja fram og sýna hvað í okkur býr, því það virðist ekki vera sátt um að stöðuleiki haldi.

Í dag er verðbólga 4,8%, o g krónan hefur styrkst um 6% frá áramótum.

Hjá ASÍ er verið að skoða þá leið, að launafólk sameinist um, að að tekin verði upp fastgengisstefna og festa grunnvísitölu krónunnar í ca 190 stigum. Þetta er að sjálfstögu ein leið til að stöðuleiki haldi, þá þarf að fara úti þríhliða viðræður og stjórnvöld að koma að þessu, eins SA.

Ræddar voru helstu leiðir og markmið næstu kjaraviðræðna, en það er morgunljóst að leiðrétting verður að koma á launtöxtum, eins reyna að halda kaupmættinum.

Gera þarf nýja skoðanakönnun meðal félagsmanna RSÍ og kanna hug þeirra til næstu kjarasamningsgerðar og rætt var hvort ekki væri rétt að fara fundarferð um landið .

Það er spurning, hvort núverandi samningarnir sem gilda til 31.12 2014 og með 3% launahækkun árið 2014 sé fordæmisgefandi varðandi næstu kjarasamningsgerð.

3. Orlofshúsaskýrsla.

Heildartekjur orlofssjóðs voru árið 2012 kr.47.306.880.- og heildargjöld námu kr. 84.892.705.-

Orlofshúsaskýrslan í heild sinni verður birt í ársskýrslu miðstjórnar sem er væntanleg innan skamms.

Tilboð er komið í endurbætur á íbúðunum í Ljósheimum. Um er að ræða ýmsar endurbæturá íbúðunum s.s. málningarvinna, breytingar á innréttingum, parketslípun og fl. Eins þarf að kaupa nýjar uppþvottavélar og eru þær ekki inni þessu tilboði.

Tilboðið hljóðaði uppá kr.1.406.644.- og er frá fyrirtæki sem heitir Atafll ehf.

4. Tekjur aðildarféлага.

Kynntur var samanburður á tekjum sambandsins fyrstu 2 mánuði áráanna 2012 og 2013. Tekjuaukning milli áráanna þessa 2 fyrstu mánuði var 13,35% Árið 2012 voru tekjurnar fyrstu 2 mánuðina kr.34.794.077.- en árið 2013 kr. 39.439.481.-

Mest var tekjuaukningin hjá Félagi Tæknifólks eða um 24%. Upplýst var að villa var í síðasta tekjuuppgjöri hjá félaginu. Þar var sagt að tekjuaukningin hafi verið 27,9% en átti að vera 14,35%

5. Fundarferð ASÍ.

Á fundunum var farið yfir helstu stefnumál ASÍ og þau kynnt. Á flestum stöðum var góð þátttaka, og á heildina litið voru þetta góðir fundir. Á þessum fundum kynnti ASÍ m.a. tillögur að nýju húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd.

6. Spennugolf 20ára.

Stór tímamót eru í sögu spennugolfsins. 20 ár eru liðin frá fyrsta mótinu. Erindi barst frá mótanefnd þar sem óskað var eftir að RSÍ gæfi boli eða skyrtur að því tilefni.

Fram að þessu, hefur RSÍ styrkt mótið um ca 100-200 þúsund, en peysu-eða skyrtukaup er styrkur aldrei undir 500 þúsundum.

Skiptar skoðanir voru uppi um svo háan styrk, þar sem aðeins um 1% af félagsmönnum RSÍ væru þátttakendur í slíkum mótum.

Samþykkt að lokum að greiða niður verð hveurrar peysu um 50% af kostnaði við teiggjöf. Tilboð sem lá fyrir var að upphæð 7.750 kr.+ vsk stk.

7. Kynningarmál RSÍ.

Tilbúinn er verksamningur um ráðgjöf hönnun og framleiðslu á kynningarefni fyrir RSÍ. Þetta er verksamningur uppá rúmlega 6,6 milljónir kr og gerður við fyrirtæki sem heitir Miðstræti efh.

Ætlunin er að þetta kynningarefni komi í stað margmiðlunardisksins sem gefinn var út fyrir nokkrum árum.

Skipuð var verkefnastjórn sem á að fjalla um kynningarmál RSÍ, aðildarféлага þess og menntamál rafiðngreina. Gert er ráð fyrir að þeir aðilar sem í nefndinni sitji sjái til þess að allar greinar rafiðnaðarins hafi aðkomu að þessu, og öll sjónarmið komi fram.

Einnig er hlutverk nefndarinnar að móti beinagrindina að þessu verkefni og vera Miðstræti ehf til halds og traust að gerð þessa verkefnis.

8. Önnur mál.

Næsti fundur miðstjórnar verður haldinn mánudaginn 29 apríl.

Ársfundur Virðingar var haldinn 21 mars , og í árskýrslu kom fram að reksturinn hefur gengið ágætlega og nam hagnaður síðasta árs um 60 milljónir kr. Bjartari tímar eru vonandi framundan hjá Virðingu.

Sigurður Sig. benti á að þegar hringt væri inn til RSÍ væri svarað „Rafís“ Hann spurði hvort ætlunin væri að hætta að nota RSÍ. Fannst honum ekki smekklegt að gera þetta þar sem rafverktaki í Morfellsbæ ætti þetta nafn „Rafís“. Kom fram að það væri ekki stefna RSÍ að nota skammstöfunina „Rafís“ enda hafði sú tillaga verið felld á sínum tíma.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 15.50.

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.